



Minnisblað til fræðslunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Menntastefna Mosfellsbæjar - Heimurinn er okkar

Dags: 27. mars 2022

Málsnúmer: 201902331/13.0

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Linda Udengård, Framkvæmdastjóri fræðslusviðs

Lögð eru fram lokadrög Menntastefnu Mosfellsbæjar til umræðu. Lokadrögin eru lögð fram í heildarútliti en áður en að útgáfu kemur mun öll stefnan verða yfirfarin í próförk.

Í október samþykkti fræðslunefnd að hefja vinnu við endurskoðun á skólustefnu Mosfellsbæjar sem er frá árinu 2010. Heimsfaraldur tafði vinnu en í apríl 2021 var hafist handa samkvæmt verkefnaáætlun.

Samið var við ráðgjafa, skipuð verkefnastjórn og stærra verkefnateymi sem var ráðgefandi við verkefnastjórn. Í verkefnateyminu áttu leikskólar, grunnskólar, Listaskóli, frístund og framhaldsskólinn sína fulltrúa.

Samráð var haft við þá hagaðila sem koma að skóla- og frístundastarfi, börn, foreldra, starfsfólk, kjörna fulltrúa og íbúa. Haldið var meðal annars skólaþing, íbúaðing, lögð fyrir viðhorfskönnun fyrir allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og sérstaklega var rætt við börn í leikskóla. Reglulega var vinnan kynnt og rædd í fræðslunefnd. Verkefnateymið kom saman á átta fundum og þess á milli starfaði verkefnastjórnin.

Í vinnu við stefnudrögin var rýnt í fyrirliggjandi gögn eins og kannanir, skólanámskrár og starfsáætlanir skóla. Jafnframt var margvíslegt efni haft til hliðsjónar eins og Menntastefna fyrir Ísland til 2030, lög er varða öll skólastig, lög um samþættingu í þágu barna, gæðaviðmið frístundaheimila, heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og samningur um réttindi fatlaðs fólks.

Menntastefnan ber yfirskriftina „Heimurinn er okkar“. Þrjár stoðir bera uppi stefnuna: vöxtur, fjölbreytni og samvinna. Innan hvernar stoðar eru markmið og lykilorð.

Við innleiðingu stefnu er sett upp aðgerðaráætlun með mælaborði sem tekur til alls skóla- og frístundastarfs. Jafnframt mun hver og einn skóli setja upp aðgerðaráætlun sem birtist í framkvæmdaráætlun hvers skóla.

Áætlað er að skólaárið 2022-2023 verði meginþunginn í innleiðingu Menntastefnu Mosfellsbæjar. Formleg verður ýtt úr vör 23. september 2022 á sameiginlegum fræðsludegi skóla- og frístundastarfs í Mosfellsbæ.

Virðingarfyllst,

Linda Udengård
framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs